

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 13. apríl 2015

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum (starfsleyfi, áhættustýring, stórar áhættuskuldbindingar, starfskjör, eignarhlutir, eiginfjáraukar, o.fl.), 571. mál.

Með frumvarpinu er stefnt að því að stíga fyrsta skrefið í því að aðlaga íslenska löggjöf á sviði fjármálamarkaða að Basel III staðlinum og nýju regluverki Evrópusambandsins.

Samtök atvinnulífsins leggja áherslu á að innlend löggjöf á sviði fjármálamarkaða verði ekki innleiddar með meira íþyngjandi hætti en nauðsynlegt er. Það er því gagnrýnivernt að í frumvarpinu er víða að finna ákvæði sem ganga lengra en tilskipun og reglugerð Evrópusambandsins kveður á um (gullhúðun, e. goldplating).

Öll frávik sem reynast íþyngjandi umfram það sem nauðsynlegt er til að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar Íslands munu auka kostnað innlendra fjármálafyrirtækja og valda því að lánskjör hér á landi verða hærri en í samkeppnislöndum. Það fer enn fremur í bága við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar þar sem segir m.a.: „Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir endurskoðun regluverks atvinnulífsins með einföldun og aukna skilvirkni þess að leiðarljósi. Markmið hennar verður að minnka skrifræði og einfalda samskipti við opinbera aðila um leið og kostnaði er haldið niðri.“

SA vekja athygli á að aðlögunarfrestur nýrra reglna verður að vera nægjanlega rúmur svo að fyrirtæki hafi svigrúm til að aðlaga starfsemi sína að breyttu laga- og regluumhverfi. Engin efnisleg ástæða er fyrir því að hraða innleiðingunni umfram það sem verður í nágrannalöndum okkar.

SA vekja athygli á ítarlegri umsögn Samtaka fjármálafyrirtækja og hvetja efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis að gaumgæfa þær athugasemdir sem þar eru gerðar og snúa að þeim meginsjónarmiðum sem tilgreind eru hér að framan.

Virðingarfyllt,

f.h. Samtaka atvinnulífsins



Halldór Árnason